

varnaraðili veðsetji eignarhlut sinn í fasteigninni nr. 37 við Lindarflöt til tryggingar skuldbindingum þeim sem þar greinir. Samkvæmt greinargerð þinglýsingardómarans eiga aðilar málsins fasteign þessa að hálfu hvort í óskiptri sameign. Var varnaraðila heimilt að veðsetja eignarhluta sinn í hinni óskiptu sameign, enda veitir veðsetningin veðhafa eigi meiri rétt til eignarinnar en veðsali á. Verður kröfu sóknaraðila því hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 5.000,00 krónur í kærumálskostnað.

#### D ó m s o r ð:

Hinar kærðu athafnir þinglýsingardómarans í Garðakaupstað eiga að vera óraskaðar, og hafnað er kröfu sóknaraðila, Erlu Þorsteinsdóttur, um að þinglýsing skjalanna nr. 12874-12877/1985 verði afmáð úr þinglýsingabók Garðakaupstaðar.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, Elliða N. Guðjónssyni, 5.000,00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

---

Fimmtudaginn 13. febrúar 1986.

Nr. 6/1985. **Bryjólfur Sveinsson og  
Tryggingamiðstöðin hf.**

(Valgarð Briem hrl.)

gegn

**Njáli Harðarsyni**

(Gunnar Sólnes hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Skaðabætur. Sératkvæði.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. janúar 1985 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Þeir krefjast þess að hinum áfrýjaða dómi verði breytt, aðallega þannig að þeim verði einungis gert að greiða einn fjórða hluta tjónsins eða 7.254,00 krónur og til vara að þeim verði einungis gert að greiða 14.508,00 krónur, en það sé helmingur tjóns, ásamt vöxtum eins og krafist er.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti.

Árekstur sá, sem mál þetta snýst um, varð á breiðum akvegi með varanlegu slitlagi.

Heimreið sú, sem ökumaður bifreiðarinnar A 8583, stefndi hér fyrir dómi, hugðist sveigja bifreið sinni inn á, myndar ekki vegamót við aðalbrautina í skilningi umferðarlaga nr. 40/1968. Bann 3. mgr. 47. gr. umferðarlaga við framúrakstri á vegamótum gildir því ekki á því vegarsvæði sem áreksturinn varð á.

Ekki hefur verið sýnt fram á að aðrar ástæður hafi legið til þess að framúrakstur væri óheimill þarna. Verður að telja að ökumanni bifreiðarinnar A 4604 hafi verið heimilt að aka fram fyrir bifreiðina A 8583 að gættri þeirri varúð sem umferðarlög leggja á ökumenn við framúrakstur. Fallast ber á það með héraðsdómara að ósannað sé að bifreiðinni A 4604 hafi verið ekið óhæfilega hratt umrætt sinn. Einnig ber að fallast á það með héraðsdómara, að telja megi sannað að stefndi (ökumaður A 8583) hafi gefið stefnummerki, þó óupplýst sé hvort hann gerði það í tæka tíð. Það skiptir þó ekki höfuðmáli þar sem stefnummerkjagjöf, þó í tæka tíð væri, firrir ökumann ekki ábyrgð fyrir að aka yfir á aðra akrein eða yfir veg utan vegamóta ef annar ökumaður er að nota þann vegarhelming, hvort sem það er vegna þess að hann kemur á móti eða ekur framúr með lögmætum hætti þar sem slíkt er heimilt. Með því að beygja til vinstri án þess að hafa gengið úr skugga um að hann ylli ekki hættu fyrir aðra umferð braut stefndi ákvæði 4. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 46. gr. umferðarlaga og er það aðalorsök árekstrarins. Svo sem í héraðsdómi greinir er ekkert komið fram í málinu um að ökumaður A 4604 hafi gefið merki um fyrirhugaðan framúrakstur áður en til hans kom. Með því hefur hann brotið ákvæði 2. ml. 4. mgr. 47. gr. umferðarlaga og á því einnig nokkra sök á árekstrinum. Þykir hæfilegt að skipta sök milli málsaðila, sbr. 68. gr.

umferðarlaga, þannig að stefndi beri tvo þriðju hluta tjóns þess sem deilt er um í þessu máli, en áfrýjandi Brynjólfur Sveinsson einn þriðja hluta.

Ber því að dæma áfrýjendur in solidum til þess að greiða stefnda 9.672,00 krónur með 42% ársvöxtum frá 2. febrúar 1983 til 30. júní 1983, en með dómvöxtum sbr. lög nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu, bæði í héraði og fyrir Hætarétti.

#### D ó m s o r ð:

Áfrýjendur, Brynjólfur Sveinsson og Tryggingamiðstöðin h/f, in solidum greiði Njáli Harðarsyni 9.672,00 krónur með 42% ársvöxtum frá 2. febrúar 1983 til 30. júní 1983, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### S é r a t k v æ ð i

#### Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég tel að stefndi hafi ekki sýnt næga aðgæslu er hann beygði bifreið sinni til vinstri af hægri vegarhelmingi að heimkeyrslunni að bænum Spyrnu og því eigi hann sök á árekstrinum að hluta.

Ég er sammála meirihluta dómara um það að ökumanni A 4604 hafi verið heimilt að aka fram úr A 8583 með þeirri varúð sem umferðarlög mæla fyrir um.

Samkvæmt skýrslu lögreglumannanna sem komu á vettvang var hálka á veginum sökum ísingar. Ökumanni A 4604 bar því að sýna ýtrustu varkárni er hann hugðist aka fram úr A 8583 sbr. i-lið 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga. Það þykir verða að leggja til grundvallar að ökumaður A 4604 hafi ekki gefið merki um að hann hygðist aka fram úr A 8583.

Samkvæmt upprætti, sem lögreglumennirnir gerðu af vettvangi, voru hemlaför eftir vinstri hjól A 4604 um 24 m. Eftir áreksturinn hefur bifreiðin farið áfram og út af veginum um 20 m. Ég tel að af þesu megi ráða að ökumaður A 4604 hafi ekki sýnt næga aðgæslu

er hann hugðist aka fram úr A 8583 og að hann hafi ekið of hratt miðað við aðstæður.

Ég tel hæfilegt að líta svo á að ökumenn bifreiðanna eigi jafna sök á árekstrinum og beri áfrýjendum að bæta tjón stefnda að hálfu.

Ég er sammála vaxtaákvæði í atkvæði meirihluta dómara svo og málskostnaðarákvæði þess.

### **Dómur aukadómþings Eyjafjarðarsýslu 3. júlí 1984.**

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 29. júní sl. að loknum munnlegum málflutningi, hefur Árni Pálsson hdl. höfðað f.h. Njáls Hardarsonar, Smárahlið 4f, Akureyri, með stefnu útgefinni 22. júní 1983, á hendur Brynjólfi Sveinssyni, Árskógi, Eyjafjarðarsýslu, og Tryggingamiðstöðinni h/f, Aðalstræti 6, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmd til að greiða in solidum kr. 29.015,84 með 42% ársvöxtum frá 2. febrúar 1983 til 30. júní 1983, en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56, 1979 frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldsskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefndu eru þær að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda. Til vara að sök verði skipt. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar stefndu til handa að mati dómsins.

#### *Málavextir.*

Samkvæmt stefnu kveður stefnandi málavexti vera þá, að miðvikudaginn 2. febrúar 1983 hafi hann ekið bifreið sinni A-8583 norður Hörgárbraut frá Lónsá. Þegar hann hafi nálgast heimreiðina að bænum Spyrnu þá hafi hann gefið stefnuljós til vinstri og fært bifreið sína að miðlínu vegar. Þegar stefnandi var byrjaður að beygja til vinstri hafi hann orðið var við bifreiðina A-4604 á eftir sér á mikilli ferð. Hafi stefnandi hætt strax við að beygja og snúið stýrinu til baka, en ekki tekist að koma í veg fyrir árekstur. Hægra framhorn bifreiðarinnar A-4604 hafi rekist á vinstra afturbretti bifreiðar stefnanda og við það snúist til vinstri, en aðalhöggið hafi síðan komið á hurðarpóst og vinstri hurð bifreiðar stefnanda.

Skráður eigandi A-4604 hafi verið stefndi Brynjólfur, en ökumaður umrætt sinn Jóhanna Skaftadóttir, Árskógi, Eyjafjarðarsýslu. Bifreiðin hafi verið tryggt lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá hinu stefnda váttryggingarfélagi, en það hefur hins vegar neitað bótaábyrgð vegna tjónsins. Sé því málssókn þessi óhjákvæmileg.

Í greinargerð lýsa stefndu málavöxtum sem svo, auk þess sem að framan er getið, að ökumaður A-4604 hafi séð bifreiðina A-8583 á undan sér á

akbrautinni. Hafi þeirri bifreið verið ekið mjög hægt og vel út í hægri vegarhellingi og þar sem bifreiðin hafi ekki kveikt stefnuljós eða gefið á annan hátt til kynna að stefnubreyting væri í vændum hafi ökumaður A-4604 ákveðið að aka framúr, en þegar hún var komin alveg að A-8583 hafi sú bifreið sveigt til vinstri í veg fyrir A-4604 í átt að afleggjaranum að bænum Spyrnu og þrátt fyrir hemlun hafi eigi tekist að koma í veg fyrir árekstur þar á staðnum.

Farþegi í bifreið stefnanda, Oddur Björn Sveinsson, Lokastíg 5, Reykjavík, gaf skýrslu fyrir lögreglunni á Akureyri hinn 16. febrúar 1983 um málsatvik. Hann kvaðst hafa verið farþegi í hægri framsæti A-8583 þegar áreksturinn varð. Hafi stefnandi ekið norður veginn á lítilli ferð. Þegar hann hafi nálgast afleggjarann að Spyrnu hafi hann fært sig í átt að miðlínu. Vitnið kvaðst ekki vita nákvæmlega staðsetningu bílsins áður en stefnandi byrjaði að beygja, en billinn hafi þó verið töluvert frá hægri kanti. Þá kvaðst vitnið þess fullvisst að ökumaður hafi gefið stefnuljós því það hafi heyrt blikkið frá stefnuljósarofanum. Vitnið kvaðst síðan hafi heyrt hávaða þegar bifreiðin á eftir hemlaði og þá varað stefnanda við hættunni, en hann var þá byrjaður að beygja. Stefnandi hafi þá hætt við að beygja og sveigt til baka, en ekki tekist að forðast áreksturinn. Vitnið taldi hraða A-4604 hafa, miðað við áreksturinn og hemlaför á staðnum, eigi verið minni en 80 km á klst.

Stefnandi kveðst byggja kröfu sína í málinu á því að bifreiðastjóri A-4604 hafi valdið tjóninu með gálauslegum akstri sínum. Bifreiðastjóri A-4604 hafi ekki hugað að stefnuljósum á bifreið stefnanda og eigi heldur gefið hljóðmerki um þá ætlun sína að aka framúr bifreið stefnanda. Þá liggja fyrir að ökumaðurinn hafi ekið alltof hratt miðað við aðstæður. Varðandi bótaábyrgð og aðild stefndu vísar stefnandi til 68. gr. umferðarlaga, sbr. 1. mgr. 69. gr. sömu laga með því er varðar eiganda bifreiðarinnar A-4604, en til 74. gr. 2. mgr. og 70. gr. 1. og 3. mgr. sömu laga að því er varðar hið stefnda vátryggingarfélag.

Málsástæður stefndu eru þær að ökumaður A-8583 eigi einn sök á óhappi þessu, hann hafi ekið eftir fjölförnum þjóðvegi yst á hægri kanti vegarins og beygt skyndilega í veg fyrir A-4604 án þess að gefa stefnumerki. Stefnanda hafi undir þessum kringumstæðum borið að gæta fyllstu varúðar þar sem hann beygði af þjóðvegi inn á afleggjara að sveitabæ og því ekki líkur á því að aðrir ökumenn vöruðust slíkt, enda framúrakstur þarna heimill. Ekki verður hann heldur var við A-4604 fyrr en rétt í þann mund er árekstur verður. Það hafi því skort mjög á að stefnandi hafi hugað að umferð fyrir aftan sig áður en hann beygði svo sem honum þó bar. Einnig hafi hann ekið bifreið sinni yst til hægri á akbrautinni og hafi það villt ennfrekar fyrir þeim sem á eftir kæmu um þá fyrirætlun hans að beygja inn á afleggj-

arann að bænum Spyrnu. Stefndi telur stefnanda með akstursmáta sínum m.a. hafa brotið eftirtaldar greinar umferðarlaga nr. 49, 1968, þ.e. 1. mgr. 37. gr., 4. mgr. 45. gr. og 1. og 2. mgr 46. gr. og byggir stefndi kröfugerð sína m.a. á því. Það er og álit stefndu að nægi framangreind brot stefnanda ekki til þess að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda þá hljóti það að minnsta kosti að leiða til sakarskiptingar og þó þannig að meginsökin lendi á stefnanda, enda fráleitt að halda fram að hann hafi algerlega hreinan skjöld í máli þessu.

Stefndu ítreka mótmæli við stefnuljósagjöf stefnanda og þeim fullyrðingum að ökumaður A-4604 hafi þarna ekið of hratt, enda hafi hún ekið undir löglegum hámarkshraða sem er 70 km á klst.

Loks er því mótmælt að greiðslu bóta hafi alfarið verið neitað af hálfu Tryggingamiðstöðvarinnar h/f eins og fram kemur í stefnu. Til þess hafi aldrei komið, en viðuræður um hugsanlega lausn málsins hafi hins vegar strandað á því að stefnandi gat ekki sætt sig við neitt annað en fullar bætur og því var neitað af hálfu Tryggingamiðstöðvarinnar h/f.

Við flutning málsins hefur lögmaður stefnanda, Jón Kr. Sólnes hrl., áréttað að meginorsök árekstrarins hafi verið of hraður akstur ökumanns A-4604, sbr. skýrslu stefnanda og vitnisins Odds Björns Sveinssonar á dskj. nr. 3.

Lögmaður stefndu, Guðmundur Pétursson hdl., hefur við flutning málsins bent á að bifreið stefnanda hafi verið yst á hægri akbrautinni umrætt sinn og eigi sé við stefnda að sakast þótt hann hafi reynt framúrakstur þar sem ekkert gaf til kynna stefnubreytingu A-8583. Þá er því haldið fram að þarna teljist ekki vera vegamót í skilningi umferðarlaganna þar sem umrædd heimreið að bænum Spyrnu teljist ekki ætluð til almennrar umferðar í skilningi 1. gr. umferðarlaga, því sé framúrakstur heimill. Auk þess að vera hægra megin hafi stefnandi ekki gefið stefnuljós. Vettvangsuppdráttur og staðsetning glerbrota á honum gefa vísbendingu um það að stefnandi hafi verið hægra megin á veginum. Varðandi hemlaför sýni þau ekki meiri hraða en eðlilegt geti talist, bæði þar sem hált var á árekstrarstað og slík hemlaför á nýju malbiki gefa til kynna að ekið hafi verið á 60 km hraða miðað við klst. og það sé þó miðað við bestu aðstæður. Ennfremur bendi tjón á bifreiðum til þess að ökuhraði hafi ekki verið mjög mikill. Þá er á það bent að stefnandi hafi eigi tekið fram í lögregluskýrslu, sem höfð var eftir honum á vettvangi, að hann hefði gefið stefnuljós. Hins vegar staðhæfði ökumaður A-4604 strax á vettvangi að stefnandi hafi ekki gefið stefnuljós. Ekki verður talið að framburður vitnisins sé með öllu marktækur þar sem alkunna sé að slík vitni séu vilhóll og meta verði slíkan framburð með hliðsjón af 129. gr. einkamálalaga. Stefnandi hafi einkum með hátterni sínu gerst brotlegur við 45. gr. og 46. gr. umferðarlaga, þ.e.

að öikumönnum sé skylt að huga að umferð fyrir aftan sig áður en þeir beygja eða breyta um stefnu. Af gögnum málsins sé hins vegar ljóst að stefnandi hafi eigi sinnt þessari skyldu sinni þar sem fram komi í vitna-skýrslu að vitnið varaði stefnda við A-4604 rétt áður en áreksturinn varð.

Lögmaður stefnanda mótmælti staðhæfingu stefndu um að A-8583 hafi verið ekið yst til hægri á akbrautinni umrætt sinn og því að stefnandi hafi ekki gefið stefnubreytingu til kynna. Þá verði ekki talið að afleiðingar slyssins gefi fyllilega til kynna að hraði hafi ekki verið mikill þar sem eins mætti telja að hálfkan á árekstrarstað hafi dregið úr tjóni. Þá verði ekki talið að glerbrot á vettvangsupprætti gefi fyllilega til kynna hvar árekstur hafi orðið. Ekki var tölulegur ágreiningu í máli þessu.

#### *Álit dómsins:*

Stefnandi byggir kröfugerð í máli þessu m.a. á því að ökumaður A-4604 hafi ekið of hratt miðað við aðstæður umrætt sinn og vanrækt að gefa hljóðmerki um þá ætlun sína að aka framúr bifreið stefnanda. Fallast verður á það með stefndu að hvorki hemlaför né tjón á bifreiðum leiði sérstakar líkur að því að A-4604 hafi verið ekið óhæfilega hratt umrætt sinn. Á hinn bóginn hefur ekkert fram komið af hálfu stefndu sem bendi til þess að ökumaður A-8583 hafi gefið merki um fyrirhugaðan framúr-akstur. Þrátt fyrir staðhæfingu stefndu um hið gagnstæða þykir nægilega í ljós leitt að stefnandi hafi gefið stefnumerki umrætt sinn og ekið á miðlinu vegar. Miðað við þær forsendur þykir ökumaður A-4604 umrætt sinn hafa sýnt af sér verulegt gáleysi þótt ekki sé annað fram komið en að framúr-akstur sé almennt heimill á árekstrarstað. Réttilega þykir hins vegar hafa verið bent á af hálfu stefndu, sem styðst við framburð vitnis, að stefnandi hafi eigi gætt nægilega að umferð aftanfrá áður en hann hóf að sveigja til vinstri umrætt sinn og þykir hann í nokkru hafa gerst brotlegur við ákvæði 4. mgr. 45. gr. umferðarlaga.

Ökumenn þykja því báðir hafa átt sök á árekstrinum, en ökumaður A-4604 þó sýnu meiri. Það þykir þó ekki mega verða til þess að varakrafa stefndu um skiptingu sakar verði eigi tekin til greina. Þykir hæfa að stefnandi beri  $\frac{1}{3}$  hluta tjónsins sjálfur, en að stefndu verði gert að greiða honum  $\frac{2}{3}$  hluta þess óskipt. Samkvæmt því ber að dæma stefndu in solidum til greiðslu kr. 19.344,00 ( $29.015,84 \times \frac{2}{3}$ ) með 42% ársvöxtum frá 2. febrúar 1983 til 30. júní 1983 (stefnubirtingardags), en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56, 1979 frá þeim degi til greiðsludags. Eftir framangreindum úrslitum málsins ber og að dæma stefndu til greiðslu málskostnaðar og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 14.123,00. Greiði stefndu hvort tveggja innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dóminn kvað upp Oddur Ólason, fulltrúi sýslumanns.

## D ó m s o r ð:

Stefndu, Brynjólfur Sveinsson og Tryggingamiðstöðin h/f, greiði in solidum stefnanda, Njáli Harðarsyni, kr. 19.344,00 með 42% ársvöxtum frá 2. febrúar 1983 til 30. júní s.á., en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56, 1979 frá þeim degi til greiðsludags, auk kr. 14.123,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. febrúar 1986.

Nr. 31/1986. **Ákærvaldið**

gegn

**Ólöfu Ólafsdóttur**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Hinn kærða úrskurð kvað upp Guðjón St. Marteinsson, fulltrúi við sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1972 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. þ.m. er barst réttinum 10. þ.m. og krafist þess að hinn kærði úrskurður yrði felldur úr gildi, en til vara að gæsluvarðhaldstíminn yrði stytur. Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

## D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.